



Velferðarnefnd Alþingis
Nefndarsvið
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 11. nóvember 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu, þskj. 295-257. mál.

SFR – stéttarfélag í almannapjónustu hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu, þskj. 295-257. mál.

Frumvarpinu er ætlað að sameina í eina stofnun þrjár stofnanir velferðarráðuneytisins sem hafa á hendi þjónustu við fatlað fólk. Nánar tiltekið Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Heyrnar- og talmeinstöð og þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Í ákvæði I til bráðabirgða í frumvarpinu segir að starfsmönnum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, Heyrnar- og talmeinstöðvar, þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga og TMF Tölvumiðstöðvar skuli boðið starf við hina nýju stofnun með óbreyttum starfskjörum og ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um auglýsingaskyldu eigi ekki við um flutning starfsmanna samkvæmt ákvæðinu. Starfsmenn kunni þó að þurfa að hlíta breytingum á starfi vegna skipulags hinnar nýju stofnunar.

Í athugasemdum við ákvæðið segir m.a. að gert sé ráð fyrir að þeim starfsmönnum sem starfa hjá stofnununum þremur verið boðið starf við hina nýju stofnun og þeir þurfi ekki að sæta skerðingu á kjörum sínum þótt breytingar geti orðið á störfum þeirra vegna skipulagsbreytinga í kjölfar sameiningarinnar.

SFR telur rétt að að gera athugasemd við ákvæðið hvað varðar réttarstöðu starfsmannanna og starfskjör þeirra. Félagið telur nauðsynlegt til að tryggja með fullnægjandi hætti starfskjör og réttindi starfsmanna gildi ákvæði laga nr. 72/2002 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Þannig verður tryggt að launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningum, þ.á.m. stofnanasamningum haldi sér þar til nýr kjarasamningur öðlast gildi. Að óbreyttu ákvæði er ekki tryggt með fullnægjandi hætti að ýmis réttindi svo sem starfsaldurstengd réttindi haldi sér hjá starfsmönnum. Þá bendir SFR á að lög nr. 72/2002 gilda þegar verkefni eru flutt á milli opinberra þjónustustofnana hafi þær stofnanir atvinnurekstur með höndum samkvæmt dómafordæmum Evrópudómstólsins. Þannig leggur SFR til eftirfarandi breytingu á ákvæði 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis I:


Starfsmönnum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, Heyrnar- og talmeinaastöðvar, Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga og TMF Tölvumiðstöðvar skulu boðin sambærileg störf við hina nýju stofnun með óbreyttum starfskjörum og réttindum. Ákvæði 7. gr.laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldu starfsmanna ríkisins eiga ekki við um flutning starfsmanna samkvæmt ákvæðinu. Um réttarvernd starfsmanna fer samkvæmt lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum nr. 72/2002 og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.

SFR telur mikilvægt að við sameiningu stofnana sé tryggt að starfsmenn haldi lög- og samningsbundnum réttindum sínum sem og starfskjörum og leggur því ríka áherslu á að vísað verði til laga nr. 72/2002 líkt og gert hefur verið við sameiningu fjölda stofnana. SFR er reiðubúið að veita nánari upplýsingar og koma að frekari sjónarmiðum verði eftir því óskað.

Þá telur SFR rétt að nefna að í frumvarpinu er kveðið á um gjaldtökuheimildir vegna margvíslegrar þjónustu miðstöðvarinnar. SFR varar við aukinni gjaldtöku hjá þeim hópi sem mun njóta þjónustu miðstöðvarinnar en samkvæmt frumvarpinu er verið að veita heimildir til gjaldtöku sem ekki voru fyrir hendi hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Það vekur athygli félagsins að V grein athugasemda við frumvarpið lýsir víðtæku samráði við fagaðila. Ekkert er að finna í frumvarpinu um hvernig haga skal samráði við hagsmunasamtök starfsmanna við sameiningu þessara þriggja stofnana. SFR gerir athugasemdir við skort á samráði við undirbúning frumvarpsins og leggur ríka áherslu á að aðkoma hagsmunasamtaka starfsmanna verði tryggð og samráð verði haft við stéttarfélög við framkvæmd sameiningarinnar enda nauðsynlegt til að tryggja að hugað sé að réttindum starfsmanna.

Virðingarfyllt,



Árni St. Jónsson, formaður
SFR – stéttarfélag í almannaðjónustu



Alma Lía Jóhannsdóttir
SFR – stéttarfélag í almannaðjónustu